



## Pétur Jóhann Sigfússon

---

var Fyndnasti maður Íslands 1999. Hann vann á útvarpsstöðinni Radíó sem svo varð að X-inu 97.7 og vann svo á Fm 95.7. Meðfram útvarpinu skrifaði Pétur og lék í Svínasúpunni I og II. Í framhaldi af því lék hann í sjónvarpsþáttunum 70 mínútur og Strákarnir og kvikmyndunum Astrópiu og Stóra-planið.

Pétur er ef til vill þekktastur fyrir leik sinn í þáttunum Næturvaktin og Dagvaktin. Þar fer hann með hlutverk Ólafs Ragnars og er einn handritshöfundur. Í vinnslu er þáttaröðin Fangavaktin sem sýnd verður í haust. Sannleikurinn er fyrsta sviðsverk sem að Pétur kemur að.



## Margrét Helga Jóhannsdóttir

---

útskrifaðist úr Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1967. Margrét lék fyrst nokkur hlutverk hjá Þjóðleikhúsi, m.a. ekkjuna í Zorba og var samhlíða í Leiksmiðjunni og lék þar t.d. Steinunni í Galdra-Lofti. Árið 1972 fór hún yfir til LR í Lönn, þar lék hún m.a. Uglu í Atómstöðinni og svo komu Salka Valka, Straumrof, Gísl og Dagur vonar. Margrét hefur leikið í fjórum verkum Kjartans Ragnarssonar sem öll voru sýnd oftaren 200 sinnum, Saumastofan, Blessað barnalán, Ofvitinn og Land míns föður. Í Borgarleikhúsinu hefur Margrét leikið í fjölda eftirminnilegra sýninga, m.a. í einleikum Sigrún Ástrós, Elín Helena, Djöflarnir, Ljón í síðbuxum, Chicago, Öndvegiskonur og Fegurðardrottningin frá Línakri. Hún hefur leikið í ótal útvarpsleikritum, sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Margrét fékk Edduna fyrir hlutverk sitt í Englum alheimsins, tilnefningu fyrir Börn og var útnefndur Bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2004. Hún hefur verið fastráðinn leikari hjá LR í 30 ár og auk hlutverks síns í Óskari og bleikklæddu konunni lék Margrét Helga í Fló á skinni og Fólkinu í blokkinni fyrr á þessu leikári.



## Þóra Karítas Árnadóttir

---

lauk leiklistarprófi frá Webber Douglas Academy of Dramatic Art árið 2006 og B.A. prófi í guðfræði árið 2003. Hún þreytti frumraun sína hjá Leikfélagi Akureyrar í leikritinu Svartur Köttur 2007 en var tilnefnd til Grímunnar fyrir hlutverk May í Fool for Love eftir Sam Shepard sem sýnt var í Silfurtunglinu í Austurbæ 2008. Þóra hefur starfað í Þjóðleikhúsinu í vetur og farið með hlutverk Alegru í Engisprettunum eftir Biljana Srbljanovic, Grétu í Skilaboðaskjóðunni eftir Þorvald Þorsteinsson, Stúlku í Leitinni að jólnum og hlutverk Árdísar í Hart í Bak eftir Jökul Jakobsson. Einnig hefur Þóra leikið hlutverk í sjónvarpsþáttunum Stelpurnar, Ríkið og Ástríður sem framleiddir hafa verið af Saga Film fyrir Stöð 2. Rachel Corrie er fyrsta hlutverk Þóru Karítas í Borgarleikhúsinu.



## Ingvar E. Sigurðsson

---

laukprófi frá Leiklistarskóla Íslands 1990. Hann hefur leikið fjölda burðarhlutverka í Borgarleikhúsinu, Þjóðleikhúsinu, með Sjálfstæðum leikhópum og í ótal kvikmyndum. Í Borgarleikhúsinu hefur leikið í Ég er meistarinn, Kabarett, Fjandmanninum og í Súperstar í Gestinum með Þíbylju, og í Svikum með Sögn, LR og LA sem bæði voru sýnd í Borgarleikhúsinu. Meðal sýninga í Þjóðleikhúsinu má nefna Pétur Gaut, Kæru Jelenu, Rómeó og Júlíu, Stræti, Sorgin klæðir Electru, Pétur Gaut og Sólarferð. Hann lék í Hárinu hjá Flugfélaginu Lofti, Kirsuberjagarðinum hjá Frú Emilíu, Stone Free hjá Leikfélagi Íslands, Svaninum hjá Öðru sviði, Trainspotting í Loftkastalanum, Rómeó og Júlíu, Brimi, Woyzeck og Hamskiptunum með Vesturporti bæði hér á landi og víða erlendis. Ingvar lék meðal annars í kvikmyndunum Inguló, Djöflaeyjunni, Perlum og svínum, Stikkfrí, Englum alheimsins, Foreldrum, Stóra planinu, Sveitabruðkaupi og Reykjavík Rotterdam auk þess sem hann hefur leikið í fjölda sjónvarpsmynda og stuttmynda. Í vetur lék Ingvar Ían í leikriti Söru Kane, Rústað, á Nýja sviði Borgarleikhússins.



## Sigurjón Kjartansson

er þjóðinni kunnur sem grínisti, tónlistamaður og handritshöfundur í gegnum árin. Hann skaust uppá sjónarsviðið með hljómsveitinni Ham, árið 1988, en söðlaði um og varð um miðbik títunda áratugarins annar hluti hins alræmda grín-tvíeykis Tvíhöfða, ásamt Jóni Gnarr. Þeir félagar gerðu garðinn frægan í útvarpi og í sjónvarpi voru þeir hluti af hinum goðsagnakenndu þáttum Fóstbræður frá 1997 til 2001. Síðan þá hefur Sigurjón verið afkastamikill í skrifum og framleiðslu á leiknu sjónvarpsefni og má þar nefna sérúr eins og Svínasúpan (2003-2004), Stelpurnar (2005-2008), Pressa (2007-2008), Svartir englar (2008) og Réttur (2009). Hann var einnig ritstjóri Áramótaskaupsins 2008. Sannleikurinn er fyrsta sviðsverkið sem Sigurjón kemur að.



## Eric-Emmanuel Schmitt

Eric-Emmanuel Schmitt fæddist í Lyon í Frakklandi árið 1960. Hann útskrifaðist frá l'École Normale Supérieure og lauk doktorsprófi í heimspeki. Hann sló í gegn sem leikskáld árið 1993 með leikritinu Gestinum (Le Visiteur) sem leikið hefur verið víða um heim og var sýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Þíbylju árið 2002, og naut mikilla vinsælda. Mest leikna leikrit Schmitts til þessa er Abel Snorko býr einn (Variations énigmatiques) sem hann skrifaði árið 1996 og Þjóðleikhúsið frumsýndi tveimur árum síðar Hjónabandsglæpir (Petits crimes conjugaux) voru sýndir í Þjóðleikhúsið fyrir fáeinum árum. Sögur úr sagnaflokki hans Cycle de l'Invisible, sem fjallar um hlutverk trúarbragða í mannlegu samfélagi, hafa einnig verið settar á svið. Sagnaflokkurinn samanstendur af fjórum sögum, Milarepa, Óskar og bleikklædda konan (Oscar et la dame rose) og Herra Ibrahim og blóm Kóransins (Monsieur Ibrahim et les fleurs du Coran). Schmitt hefur samið fjölda annarra leikrita og skáldsagna auk þess sem hann hefur þýtt óperutexta enda mikill tónlistarunnandi



## Jón Atli Jónasson

er fæddur í Reykjavík árið 1972. Hann hefur meðal annars samið leikritin 100 ára hús fyrir Frú Emilíu, Kráðplíser fyrir Reykvísku Listaleikhúsið, Brim fyrir Vesturport, Draugalest fyrir Leikfélag Reykjavíkur, Rambó 7 fyrir Þjóðleikhúsið. Mindcamp og Democracy ásamt Agli Heiðari Antoni Pálssyni fyrir CampX leikhúsið í Kaupmannahöfn. Hann er einn af stofnendum Mindgroup sem eru evrópsk regnhlífasamtök leikhúsfólks sem vinna að tilraunakenndri leiklist. Hann vinnur nú að sýningunni Þúert hér sem frumsýnd verður í Borgarleikhúsinu í lok mars.



## Stefán Jónsson

leikstjóri útskrifaðist frá Guildhall School of Music and Drama í London árið 1989. Hann á að baki fjölmörg hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur, með sjálfstæðum leikhópum og við Þjóðleikhúsið þar sem hann var fastráðinn um margra ára skeið. Á seinni árum hefur hann mest fengist við leikstjórn með góðum árangri. Hann hefur leikið í nokkrum kvikmyndum, meðal annars aðalhlutverk í Ryði og í ár verður hann fyrirferðarmikill í Reykjavík Whale Watching Massacre. Sjónvarpshlutverkin eru mörg, nú síðast í Rétti og í Hamrinum. Leikstjórnarverkefni Stefáns í Þjóðleikhúsinu eru: Herjólfur er hættur að elska, Túsíldingsóperan, Óhapp og Baðstofan. Hjá Leikfélagi Reykjavíkur leikstýrði hann m.a. Draugalest, Terrorisma og Belgísku Kongó sem naut fádæma vinsælda. Stefán hlaut Grímuverðlaunin fyrir Kvetch árið 2003 en var tilnefndur til sömu verðlauna fyrir Sporvagninn Girnd, Héra Hérason og Forðist okkur sem öll voru sett upp í Borgarleikhúsinu sem og fyrir Leg og Óhapp í Þjóðleikhúsinu.

## Jón Páll Eyjólfsson

útskrifaðist árið 2000 frá East 15 Acting School í London og lék í uppfærslu Young Theatre Company á The Three Musketeers sama ár. Hann hefur síðan tekið þátt í uppfærslum hjá Þjóðleikhúsinu og Hafnarfjarðarleikhúsinu auk þess að vinna með sjálfstæðum leikhópum. Meðal sýninga má nefna Syngjandi í rigningunni, Cyrano, Grettissögu, Gaggalagú, Meistarann og Margarítu, Rauðu skóna, Úlfhamssögu, Mind Camp og loks 100 ára húsi hjá Frú Emilíu. Hann hefur einnig leikstýrt fjölda sýninga bæði í atvinnu- og áhugaleikhópum. Jón Páll leikstýrði Herra Kolpert, Maríubjöllunni og Olíver hjá Leikfélagi Akureyrar. Ritskoðarinn og Hér og Nú á vegum Sökkabandsins og sýnt var í Borgarleikhúsinu. Jón Páll er fastráðinn leikstjóri við Borgarleikhúsið og auk Óskars og bleikklæddu konunnar leikstýrði hann Vestrinu eina á Nýja sviðinu fyrr í vetur og mun ásamt þeim Jóni Atla Jónassyni og Halli Ingólfssyni setja upp sýninguna Þú ert hér á Nýja sviðinu í mars 2009.



## María Ellingsen

nam leiklist við Tilraunaleikhúsdeild New York Háskóla og lauk þaðan BA prófi 1988. Hún hefur farið með ótal hlutverk í leikhúsi, sjónvarpi og kvikmyndum hér heima og erlendis, nú síðast í dönsku sjónvarpsþáttaröðinni Örninn, í Mammamma í Hafnarfjarðarleikhúsinu en um þessar mundir fer hún með hlutverk í verkinu Heiður í leikstjórn Bjarna Hauks í Þjóðleikhúsinu. María rekur sitt eigið leikhús Annað Svið og steig fram sem leikstjóri í verkinu Úlfhamssögu sem sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Verkið hlaut 7 tilnefningar til Grímuverðlaunanna vorið 2004.



## Snorri Freyr Hilmarsson

lauknámi í leikmyndahönnun frá Tækniháskólanum í Birmingham 1989. Hann hefur gert fjölda leikmynda fyrir sjónvarp og leikhús. Meðal verkefna hans í sjónvarpi eru Jörundur hundadagakonungur, Fiskur og Besti vinur kvenna. Meðal verkefna hans í leikhúsi eru Rommí og Stjörnur á morgunhimni í Iðnó, Drög að svínasteik hjá EGG-leikhúsinu/Þjóðleikhúsinu, Tobacco Road hjá LA, Öndvegiskonur, Blíðfinnur, Boðorðin níu, Kvetch, Sporvagninn Girnd, Draugalestin, Belgíska Kongó, Sekt er kennd og Mein Kampf í Borgarleikhúsinu, Sweeny Todd, Tökin hert og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá Íslensku óperunni, Kabarett hjá Á senunni og Úlfhamssaga hjá Öðru sviði og Hafnarfjarðarleikhúsinu. Fyrrri verkefni Snorra við Þjóðleikhúsið eru Sannar sögur af sálarlífi systra, Glanni glæpur í Latabæ, Hægan Elektra, Laufin í Toscana, Lífið þrisvar sinnum og Rakstur. Í vetur er Snorri Freyr fastráðinn leikmyndahönnuður við Borgarleikhúsið og hannar leikmyndir fyrir Söngvaseið og Harry og Heimi.



## Filippía Elísdóttir

hefur meðal annars gert búninga fyrir Leitt hún skyldi vera skækja, Svört mjólk, Norður, Engisprettarnar og Virkunin í Þjóðleikhúsinu auk þess sem hún gerði búninga fyrir Veisluna ásamt Þórunni Sigríði Þórgrímsdóttur. Einnig gerði hún búninga fyrir Draum á Jónsmessunótt, Hamlet og Ríkarð þriðja í samstarfi við Vytautas Narbutas. Filippía gerði búninga fyrir söngleikinn Rocky Horror í Loftkastalanum, Hamlet í Odense Teater í Danmörku, Híblýli vindanna, Fjandmann fólksins, Gretti og Boðorðin 9 og Woyzeck í Borgarleikhúsinu, Túsildingsóperuna í Nemendaleikhúsi LHÍ og Galdra-Loft hjá SOF-Teater í Noregi. Hún gerði búninga fyrir m.a. Sweeney Todd og La Traviata í Íslensku óperunni og fyrir Svík. Sviðsmynd og búninga fyrir Svartan kött og Ökutíma hjá LA. Killer Joe fyrir Leikhúsið Skámána. Hún hefur þrisvar hlotið Grímuna fyrir Sweeney Todd, Virkjunin og Woyzeck.





## Árnir Páll Jóhannsson

(f.1950) er einn reyndasti leikmyndahönnuður Íslendinga. Auk þess að hafa kennt við Myndlista- og handíðaskóla Íslands (1976–88), Kvikmyndaskóla Íslands (1993–94) og Alþjóðlega kvikmyndaskólann í Köln (frá 1997) hefur hann gert leikmyndir í öllum leiknum kvikmyndum Friðriks Þórs Friðrikssonar auk myndanna 101 Reykjavík, Vildspor, Perlur og svín, María, Nature's Warrior, Viking Saga, Karlaakórinn Hekla Skammdegi, Pappírs-Pési og nú síðast kvikmynd Hals Hartley, No Such Thing. Hann hefur einnig gert leikmyndir í fjölmörgum stuttmyndum og leiksýningum, hannað sýningar og samið nokkur kvikmyndahandrit. Hann á framleiðslufyrirtækið Frozen Films í félagi við framleiðandann Jim Stark.



## Halldór Ágúst Björnsson

er píanóleikari í hljómsveitinni Esja. Hann hefur í gegnum tíðina samið tónlist fyrir fjölda dansverka sem sýnd hafa verið í Borgarleikhúsinu, fjölda sjónvarpsþátta og auglýsinga. Meðal verka eru: In Transit 2004 (Leikrit. Leikstjóri: Gregory Thompson), dansverkin Bláskeggur 2005 (Danshöfundur: Jóhann Björgvinsson), Hughrif 2005 (Danshöfundur: María Gísladóttir), stuttmyndina Karamellumyndin (Leikstjóri: Gunnar Guðmundsson) og heimildamyndina Hrossagaukurinn (Leikstjóri: Dúi Landmark). Stef fyrir Eddu verðlaunin 2006 og fyrir sjónvarpsþáttinn Maður á Mann 2004.



## Kristjana Stefánsdóttir

er landsmönnum að góðu kunn og hefur verið leiðandi söngkona í íslenskri jazztónlist um langa hríð. Hún hefur sent frá sér fimm sólóplötur, tvær þeirra hafa jafnframt komið út hjá erlendum útgáfum í Japan og S-Kóreu. Kristjana vinnur að jafnaði með eigin verkefni sem og með öðrum listamönnum. Má þar telja t.d. Agnar Már Magnússon, Ómar Guðjónsson, Sigurður Flosason, Tómas R. Einarssoni, Tríó Flís, Bogomil Font og Stórsveit Reykjavíkur. Hún hefur fjórum sinnum verið tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunana og hefur haldið tónleika víða, m.a. í Hollandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Englandi, Finnlandi, Danmörku og Japan. Hún hefur komið að radd- og söngþjálfun leikara í íslensku atvinnuleikhúsi um árabíl, meðal annars við söngleikinn Footloose í samstarfi við 3 Sagas og Borgarleikhúsið, söngleikinn Ást í samstarfi Vesturports og Borgarleikhússins, söngleikinn LEG í Þjóðleikhúsinu og nú síðast sem tónlistarstjóri og raddþjálfari í Dauðasyndunum í Borgarleikhúsinu. Kristjana býr og starfar í Reykjavík.



## Margrét Kristín Blöndal

Er ein ástsælasta tónlistarkona landsins en hún hefur sungið með hljómsveitinni Risaeðlan, og sló í gegn með hljómplötunni Magga Stína syngur Megas árið 2006. Hún hannaði hljóðmynd og útsetti tónlist við verkið Lífið Notkunarreglur sem sýnt var hjá Leikfélagi Akureyrar árið 2007 og stundar nú nám í kvikmyndatónlist við LHÍ.

## Hilmar Örn Hilmarsson

(f.1958) hefur verið mikilvirkt tónskáld fyrir kvikmyndir, sjónvarp og leikhús. Hann hefur líka fengist við upptökustjórn á hljómplötum þegar sá gállinn er á honum, allt frá dauðarokksveitum á unglingsaldri til gamalla blúsjöfra á borð við Pinetop Perkins. Hann hefur starfað með Friðrik Þór Friðrikssyni að öllum leiknum myndum hans og auk þess samið tónlist við dönsku myndirnar Sekten (1997) og Vildspor (1998) sem og I wonder who 's kissing you now (1998) og Bye Bye Blue Bird (1999).



## Björn Bergsteinn Guðmundsson

hefur lýst fjölda sýninga, í flestum leikhúsum landsins. Eitt ár starfaði hann við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn og var aðalljósahönnuður Leikfélags Akureyrar frá 2005 til 2008. Meðal sýninga sem Björn lýsti í Þjóðleikhúsinu má nefna Brúðuheimilið, Krítarhringinn í Kákasus og Hægan Elektra.. Hann hefur unnið lýsingu margra sýninga Hafnarfjarðarleikhússins, Íslensku Óperunnar og ýmissa leikhópa. Sýningar sem Björn hefur lýst fyrir Leikfélag Akureyrar eru m.a. Maríubjallan, Herra Kolbert, Óvitar og Ökutímar. Björn lýsti Fólkið í blokkinni sem gengur fyrir fullu húsi á Stóra sviði Borgarleikhússins um þessar mundir. Björn hefur hlotið fjölda viðurkenninga, m.a. hefur hann hlotið Grímuna fyrir vinnu sína. Björn er nú yfirljósahönnuður í Borgarleikhúsinu.



## Þórður Örn Pétursson

er nýráðinn forstöðumaður ljósadeildar Borgarleikhússins. Hann lærði leikhúslýsingu við Central School of Speech and Drama og síðar meistaranám í byggingalýsingu við Bartlett School of Architecture. Hann starfaði í fimm ár hjá virtum arkitekta- og lýsingafyrirtækjum í London og vann að byggingalýsingum víða um heim. Auk þess sem hann vann að endurlýsingu á St Paul kirkjunni og Appololeikhúsinu og fleiri byggingum í London starfaði hann einnig í Þýskalandi, í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, í Moskvu og víðar. Meðal leiksýninga sem Þórður hefur unnið við hérlendis er Hedwig og Stjörnur á morgunhimni hjá Leikfélagi Íslands, Óliver og Svartur köttur í uppfærslu Leikfélags Akureyrar, Sweeney Todd í uppsetningu Íslensku Óperunnar og Heilagir syndarar hjá Leikhúsinu í kirkjunni. Þórður hannaði lýsingu í verkunum Vestrið eina og Rústað á Nýja sviði Borgarleikhússins fyrir í vetur.



## Bjartmar Þórðarson

Útskrifaðist sem leikari frá The Webber Douglas Academy of Dramatic Art í London árið 2004. Hann hefur leikið í fjölda leiksýninga heima og heiman, bæði fyrir og eftir nám. Bjartmar er einnig menntaður söngvari og dansari og lauk framhaldsnámi í leikstjórn, MA Advanced Theatre Practices-Theatre Directing, frá breska leiklistarskólanum Rose Bruford veturinn 2008.



## Svanlaug Jóhannsdóttir

er lærður viðskiptafræðingur. Hún setti upp söngleikinn Litla stúlkan með eldspýturnar sem sýndur var í Íslensku Óperunni. Uppfærslan fékk tilnefningu til Grímuverðlaunanna. Í framhaldi af því vann hún sem aðstoðarleikstjóri að söngleikjunum Time's up, Tommy og Dancing in the Streets í Englandi. Hún vann sem aðstoðarleikstjóri og sýningarstjóri á West End, í Cambridge theatre, Aldwych theatre og Playhouse theatre.

